

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fjarfundi 30. mars kl 09.00

Mætt til fundar Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson og Þórir Guðmundsson.

Iða Marsibil Jónsdóttir og Daníel Jakobsson boðuðu forföll og varamenn þeirra einnig. Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.

Formaður kannaði fundarboð, engar athugasemdir komu fram og setti formaður þá fundinn.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

1. Dagskrá 67. Fjórðungspings að vori
2. Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2021
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun FV fyrir 2022
4. Efni 67. Fjórðungspings að hausti
5. Umsagnir
6. Önnur mál

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá 67. Fjórðungspings að vori

Dagskrá 67. Fjórðungspings að vori samkvæmt samþykktum, lögð fram til staðfestingar.
Tillaga samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2021

Drög að ársreikningi Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2021 voru kynnt að hálfu endurskoðanda FV, á sameiginlegum vinnufundi stjórnar FV og fjárhagsnefndar FV, þann mánudaginn 28. mars s.l. Sviðsstjóri kynnti tillögu fundar Fjárhagsnefndar FV þriðjudaginn 29. mars, leggur nefndin til að ársreikningur verði samþykktur.

Formaður bar upp tillögu um að ársreikningur verði samþykktur.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun FV fyrir árið 2022

Sviðsstjóri kynnti breytingartillögur fjárhagsnefndar varðandi uppsetningu fjárhagsáætlunar FV fyrir árið 2022. Fjárhagsnefnd leggur til að í stað framsetningar og skiptingar í 7 deildir verði 3. Rekstur skrifstofu þar sem sameinaðar eru deildirnar Rekstur skrifstofu, Menningarmál, Markaðsmál og Almenningsgöngur, Sóknaráætlun sem er áfram eins og Byggðapróun, atvinnu- og nýsköpunarmál sem sameingar tvær deildir í eina. Til máls tóku Jóhanna, Kristján og Þórir auk sviðsstjóra og framkvæmdastjóra.

Stjórn samþykkir framlagða endurskoðaða fjárhagsáætlun FV fyrir árið 2022 og samþykkir tillögur fjárhagsnefndar.

4. Efni 67. Fjórðungspings að hausti

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra um að efni 67. Fjórðungspings að hausti verði mótun stefnu varðandi samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum á kjörtímabilinu.

Stjórn samþykkir að 67. Fjórðungsping að hausti verði haldið á Patreksfirði dagana 9. og 10. september og að yfirskrift þingsins verði Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum á komandi kjörtímabili.

5. Umsagnir til Alþingis

Tillaga til þingsályktunar um eignarhald í laxeldi, 419. mál.

<https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0598.pdf>

Formaður bar upp tillögu að umsögn.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur mikilvægt að tekið verði til skoðunar staða og þróun í eignarhaldi fiskeldisfyrirtækja með stofnun starfshóps. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur áherslu á að við skipan starfshópsins verði tryggð aðild fulltrúa fiskeldissveitarfélaga.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

Gerð Menntastefnu Vestfjarða: Framkvæmdastjóri kynnti tilboð Creatrix til að vinna Menntastefnu fyrir Vestfirði og væntanlegt verklag og óskaði heimildar stjórnar til að ganga til samninga við fyrirtækið enda sé tilboð fyrirtækisins innan fjárheimilda áhersluverkefnisins.

Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að ganga til samninga við Creatrix um gerð Menntastefnu Vestfjarða.

Formaður kynnti að ekki lægju fleiri mál fyrir fundinum, þakkaði fyrir góðar umræður og sleit fundi kl 09.45